



Borgarstjórinn í Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/1279  
komudagur 13.3.2006

Reykjavík, 10. mars 2006

R06020101


175

GE/isg

Alþingi - Iðnaðarnefnd  
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

***Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009, 391. mál***

Fyrir hönd borgarráðs er hér með framsend umsögn skrifstofustjóra lögfræðiskrifstofu stjórnslu- og starfsmannasviðs frá 1. þ.m. um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009, 391. mál.

  
Gunnar Eydál  
e.u.

Afrit:  
Skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu  
stjórnslu- og starfsmannasviðs



Borgarráð

***Umsögn um tillögu til þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006 - 2009***

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur sent Reykjavíkurborg til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 - 2009.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að vinna að framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006 - 2009 og skal með byggðaáætluninni stefnt að því að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla samkeppnishæfni landsins. Er sérstaklega nefnt að styrkja skuli landshlutakjarnana Akureyri, Ísafjörð og Miðausturland.

Athygli vekur að ríkisvaldið hefur aldrei markað borgarstefnu þrátt fyrir að hafa um árabíl fylgt stefnu í málefnum annarra byggðalaga. Er eðlilegt að Reykjavíkurborg kalli eftir slíkri stefnumörkun. Reykjavíkurborg hlýtur að vera leiðandi afl fyrir landið allt og sterkasta stoðin í alþjóðlegri samkeppni. Reykjavíkurborg dregur vagninn og stuðlar að auknum hagvexti og bættum lífskjörum um land allt. Byggðastefna sem ekki tekur mið af þeim styrkleika sem býr í borginni og næstu byggðalögum getur hæglega leitt til þess að markmið um bætt búsetuskilyrði á landsbyggðinni og eflingu samkeppnishæfni landsins bíði skipbrot.

Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni kemur fram að vöxtur borganna sé eitt af einkennum markaðssamfélagsins og að það megi sjá um allan heim þó vart finnist svo hátt hlutfall þjóðar í einni borg eins og á Íslandi. Þessi staðreynd styður þá afstöðu Reykjavíkurborgar að þörf sé á því að ríkisvaldið móti borgarstefnu í samráði við Reykjavíkurborg og nágrennabyggðirnar. Slík borgarstefnu þarf ekki að beinast gegn byggðastefnu heldur á að vera hluti af víðsýnni og heildrænni stefnu um byggð í landinu öllu.

Kristbjörg Stephensen hdl.  
skrifstofustjóri lögfræðiskrifstofu